

Mennta- og menningarmálaráðherra

Reykjavík, 24. janúar 2013

Trygging viðveru menntafólks á Íslandi að námi loknu

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur til að Mennta- og menningarmálaráðuneytið grípi til skipulagðra aðgerða til að tryggja viðveru menntafólks á Íslandi eftir útskrift. Stúdentaráð leggur þannig til að allur beinn kostnaður sem hlýst af námi verði gerður frádráttarbær frá tekjuskattstofni, í tvö til þrjú framtalsár eftir námslok. Ætti þetta hvort tveggja við um nám sem stundað er erlendis og hérlendis.

Með því að gera vissa kostnaðarliði í námi stúdenta frádráttarbæra frá skattstofni myndi hið opinbera og skattkerfi þess stuðla að því að námsmenn skili sér á íslenskan vinnumarkað að námi loknu.

Framtíðarsýn Stúdentaráðs er sú að beinn kostnaður vegna náms upp að einhverju óákveðnu marki verði frádráttarbær í visst mörg ár eftir námslok. Þessi skattaafsláttur mun óneitanlega laða að sérfræðimenntaða Íslendinga aftur til landsins. Svipað kerfi er þegar til staðar víða um heim. Nægir þar að nefna Bandaríkin, Ástralíu, Þýskaland og Nýja Sjáland.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur fyrir því heimildir að gróft kostnaðarmat við svipaðar hugmyndir hefur þegar verið framkvæmt og fer Stúdentaráð því góðfúslega fram á að fá aðgang að þeim upplýsingum og að aðilar Fjármálaráðuneytisins og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins verði til viðræðu um frekari útfærslu á þessum tillögum ráðsins.

Með vinsemd og virðingu,
Stúdentaráð Háskóla Íslands